

Fimmtudaginn 12. janúar 1995.

Nr. 5/1993.

**Ólafur M. Ólafsson og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Vivian D. Ólafsdóttur

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Fjártljón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1993. Þeir gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 250.000 krónum auk eðlilegs sannanlegs kostnaðar vegna læknisvottorða og innheimtulauna. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. júní 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. maí s. á. Hún krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 876.700 krónur, með nánar tilgreindum vöxtum, sem eru almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands, frá slysdegi 19. maí 1988 til þingfestingardags 12. maí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1993. Til vara er þess krafist, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 819.200 krónur ásamt vöxtum sem í aðalkröfu. Loks er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar nýjar ljósmyndir af andliti gagnáfrýjanda.

I.

Ágreiningur málsaðila lýtur að fjárhæð bótagreiðslna til gagnáfrýjanda, sem bitin var í andlitið af stórum hundi 19. maí 1988, þeg-

ar hún var nýorðin fjögurra ára gömul. Aðaláfrýjendur hafa viðurkennt bótaskyldu.

Krafa gagnáfrýjanda skiptist í bætur vegna fjárhagslegs tjóns og miskabætur. Hið fjárhagslega tjón er reist á útreikningi tryggingastærðfræðings frá 6. mars 1992, sem lagði til grundvallar örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, sem mat örorku stúlunnar af völdum slyssins 5% varanlega. Að beiðni lögmanns gagnáfrýjanda áætlaði tryggingastærðfræðingurinn tekjur hennar og tekjutap á tvennan hátt, annars vegar svo sem hún sé stúlka og hins vegar sem hún væri piltur. Í fyrra tilviki var höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknað eftir áætlun um tekjur iðnlærðra kvenna og talið nema á slysdagi 395.500 krónum, en í hinu síðara var reiknað út frá tekjum iðnlærðra karla og talið nema 449.700 krónum. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 6% af þessum fjárhæðum. Kemur mismunur á þessum útreikningsaðferðum fram í aðalkröfu og varakröfu gagnáfrýjanda.

II.

Þegar litið er til fram lagðra læknisvottorða og álitsgerðar sálfræðings, ber að fallast á, að gagnáfrýjandi, Vivian, hafi bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 19. maí 1988, enda hafa aðaláfrýjendur ekki leitast við að hnekkja örorkumati með læknisfræðilegum röksemdum.

Fyrir liggur örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, sem miðast við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar, en þær sýna, að tekjur kvenna eru almennt lægri en tekjur karlmanna. Þegar miðað er við útreikning tryggingastærðfræðings, verður að leggja til grundvallar, eins og unnt er, atvik, sem varða gagngert tjónþola sjálfan. Þykir það ekki brjóta gegn lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða gagnáfrýjanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum í samræmi við kröfugerð hennar.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur

samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar, en ekki til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Ólafur M. Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum gagnáfrýjanda, Vivian D. Ólafsdóttur, 500.000 krónur með ársvöxtum sem hér greinir: 19% frá 19. maí 1988 til 11. júní s. á., 23% frá þeim degi til 21. júní s. á., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s. á., 22% frá þeim degi til 1. september s. á., 12% frá þeim degi til 11. október s. á., 9% frá þeim degi til 21. október s. á., 6% frá þeim degi til 1. desember s. á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s. á., 8% frá þeim degi til 1. mars s. á., 10% frá þeim degi til 21. mars s. á., 13% frá þeim degi til 11. apríl s. á., 15% frá þeim degi til 11. júní s. á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s. á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 10% frá þeim degi til 1. september s. á., 6% frá þeim degi til 21. september s. á., 8% frá þeim degi til 21. október s. á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi 21. janúar s. á., 7% frá þeim degi til 1. mars s. á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 3% frá þeim degi til 1. október s. á., 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. janúar s. á., 5% frá þeim degi til 1. júní s. á., 6% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 7% frá þeim degi til 11. október s. á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 3% frá þeim degi til 12. maí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1993.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda 300.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 10. desember sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 7. maí sl.

Aðilar og dómkröfur.

Stefnandi er Rita Didriksen, kt. 101061-4309, Þverholti 11, Mosfellsbæ, vegna ólögráða dóttur sinnar, Vivian D. Ólafsdóttir, kt. 120584-8129.

Stefndu eru Ólafur M. Ólafsson, kt. 150659-2139, Skeiðarvogi 77, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði óskipt dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 1.500.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nánar þannig, að krafist er bóta vegna fjárhagslegs tjóns, er grundvallast á örorkumati og útreikningi tryggingastærðfræðings. Er þess aðallega krafist, að bætur verði miðaðar við þá niðurstöðu tryggingastærðfræðingsins, er styðst við þá forsendu, að tjónþoli sé piltur og nemi þá vinnutekjutap stefnanda auk tapaðra lífeyrisréttinda samtals 476.700 kr. Til vara er þess krafist, að þetta tjón sé miðað við, að stefnandi sé stúlka, og nemi tjónið þá 419.200 kr. Þá er krafist miskabóta, að fjárhæð 400.000 kr. Stefnumkrafan er allmiklu hærri en nemur útreiknuðu fjárhagslegu tjóni stefnanda að viðbættum miskabótum, og kveður stefnandi þá tilhögun styðjast við heimild í 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ef til áfrýjunar málsins kæmi síðar.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á 250.000 kr., auk eðlilegs kostnaðar, það er vegna læknisvottorða, 13.865 kr., og innheimtulauna. Til vara er krafist lækkunar á kröfunum.

Málavextir.

Hinn 19. maí 1988 var stefnandi, Vivian D. Ólafsdóttir, gestkomandi að Grundarlandi 8 í Reykjavík. Réðst þá á hana Schäfer-hundur, eign stefnda Ólafs, og beit hana í andlit.

Vivian var flutt á slysadeild Borgarspítalans, og segir í vottorði þaðan um meiðsli hennar: „Við skoðun er hún með sár á kinn og nefrót og augnaloki. Um er að ræða hrufll á kinn og nefrót og flipasár á kinn fyrir neðan hægri augnalok, u. þ. b. 2 cm að stærð, og annar flípi jafnstór á efri augnaloki. Ekki er að sjá önnur meiðsli á Vivian. Þessi sár voru þvegin og hreinsuð og síðan saumuð saman með samtals 5 saumum. Auk þess var Vivian sett á sýklalyf vegna hættu á sýkingu.“

Vivian var skoðuð af Jens Kjartanssyni lýtalækni 2. september 1991 og

segir í vottorði hans frá 27. s. m.: „... við skoðun kemur í ljós að sjúklingur er með ör í andliti, sem munu vera eftir hundsbit, sem stúlkan varð fyrir í maí 1988. Örin eru öll gróin og engar sáramyndanir og ekki sjást neinir aðskotahlutir í örunum. Á kinn og yfir nefrót eru litlar örmyndanir, sem ekki er mögulegt að lagfæra, enda þær ekki áberandi. Hins vegar er ríflega 1 cm ör á hægri efra augnloki, sem er óreglulegt, og ca. $1 \times 1\frac{1}{2}$ cm flipaskurður á hægri kinn og mætti reyna að lagfæra bæði þessi ör en sjálfsagt er það ekki æskilegt fyrr en stúlkan er komin á unglingsár þar sem örmyndun er yfirleitt betri í fólki eftir því sem það verður eldra.“

Björn Öundurson læknir mat örorku Vivian. Hann skoðaði hana 10. febrúar 1992. Björn hefur það eftir móður hennar, að Vivian hafi lengi eftir slysið verið hrædd við hunda og sé það reyndar enn. Hún hafi lengi vel vaknað á næturnar við slæma martröð, er móðirin taldi mega rekja til árássar hundsins. Móðirin sagði örsvæði á hægri kinn og hægri augnloki roðna, t. d. þegar stúlkan væri úti í köldu veðri. Sjálf sagðist Vivian vera hrædd við hunda, er hún þekkti ekki. Hún var talin hafa verið alveg ófær til starfs og leikja í fjórar vikur og haft verulega skerta getu til slíkra athafna í aðrar fjórar. Varanlega sé um lítils háttar örorku að ræða. Um skoðunina segir orðrétt: „Við skoðun nú sést að um eins og hálfs cm ör liggur undir hægri auga og er ör þetta bogadregið. Örið liggur nokkurn veginn undir miðju auganu, þau e. t. v. aðeins lateralt. Örið er einnig á hægri efra augnloki. Það ör er minna og lítið áberandi. Örið neðan við augað er vel merkjanlegt, lítils háttar rautt og vel afmarkað.“

Í niðurstöðum Björns segir: „Örsvæði er svo sem að framan er lýst, þau eru ekki áberandi, en örið á hægri kinn undir hægri auga er þó vel merkjanlegt. Lítils háttar roði er þarna í kring. Móðir telur að þetta roðni óeðlilega mikið þegar slasaða er í köldu umhverfi. Undir viðtalinu er erfitt að gera sér grein fyrir hvort slasaða ber af þessu andlegan vanda. Oft er að slík einkenni koma ekki fram fyrr en nokkru síðar, þ. e. um eða eftir kynþroskaaldur. Líklegt er að gera megir við örsvæðið á kinninni, sem veldur nú lýti og hugsanlega óþægindum, einkum í köldu veðri. Verra er, svo sem að framan greinir, að gera sér grein fyrir hvort verður um verulegar andlegar afleiðingar að ræða, en að sjálfsögðu er ung stúlka næm fyrir lýti í andliti sínu. Það verður þannig ekki útilokað að síðar meir kunni hugsanlega að verða að endurmeta örorku slösuðu í ljósi nýrra eða breyttra einkenna, sem vafalítið yrði þá aðallega frá hinni andlegu hlið, en fullyrða má að það örorkumat yrði þá einungis til hækkunar.“

Björn mat síðan örorku Vivian 100% í fjórar vikur, 50% í fjórar vikur og varanlega örorku 5%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón Vivian. Um er að ræða tvenns konar útreikninga, annars vegar út frá þeirri forsendu, að um stúlku er að ræða, er ekki muni síðar hafa jafnhá laun sem piltar. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast honum þá nema á slysdegi 395.500 krónum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 23.700 krónum. Hins vegar reiknar Jón Erlingur út frá þeirri forsendu, að um pilt sé að ræða, og verður höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps þá 449.700 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 27.000 kr.

— — —

Niðurstaða.

Stefndu hafa ekki mótmælt bótaskyldu sinni, heldur snýst ágreiningurinn um fjárhæð bóta og hvort bætt skuli örorkutjón og miski eða einungis miski. Stefndu hafa boðið fram 250.000 krónur í bætur auk eðlilegs kostnaðar, og við aðalmeðferð málsins kom fram, að sú greiðsla hefði verið hugsuð sem miskabótagreiðsla.

Stefnandi var fjögurra ára, er hundurinn réðst á hana. Áverkum hennar var lýst hér að framan. Hún kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, þá átta og hálfis árs. Á henni mátti sjá greinilegt ör fyrir neðan hægri auga og á hægri augnaloki. Það kom fram hjá föður hennar, að í frosti sé erting í ör-unum og þá sé í þeim áberandi roði. Á sumrin séu þau einnig áberandi og þá hvítari en hörundið í kring. Einnig kom fram hjá honum, að örin myndu ekki stækka með aldrinum.

Örorka stefnanda er að sönnu lítil og vandséð, hvernig hún geti haft áhrif á aflahæfi hennar síðar meir, ef eingöngu er litið til afkasta hugar og handa. Hér er hins vegar á það að líta, að í margbrotnu þjóðfélagi samtímans reynir á margt annað í starfi manna og starfsvali. Eitt af þeim atriðum er útlit manna, ekki síst kvenna. Ekki er fyrir séð, svo að öruggt sé, hvernig andlitslýti stefnanda munu hafast við, en gögn málsins benda til þess, að það verði í fyrsta lagi á unglingsárum, sem hægt verði að reyna að lagfæra þau. Með vísan til þessa og þeirra lækisfræðilegu gagna, sem rakin voru hér að framan, þykir stefnandi eiga rétt á örorkubótum. Verður örorkumatið lagt til grundvallar, enda hefur því ekki verið hnekkt. Þá verður og tekin til greina krafa stefnanda um greiðslu fyrir töpuð lífeyrisréttindi.

Við ákvörðun örorkubóta verður útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar lagður til grundvallar og miðað við vinnutekjutap pilta. Óheimilt er með vísan til 3. og 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að taka þá málsástæðu stefndu til greina, að stefnanda beri lægri örorkubætur fyrir þá sök eina, að hún er stúlka.

Andlitslýti eru öðrum líkamslýtum verri að því leyti, að þau verða vart

hulin og eru sýnileg öllum. Stefnandi á eftir að lifa það aldursskeið, þegar menn eru hvað viðkvæmastir fyrir útliti sínu, þ. e. unglingsárin. Örin eftir hundsbitið eiga því að öllum líkindum eftir að verða henni til ama og jafnvel valda henni andlegum erfiðleikum, eins og fram kemur í örorkumati. Með vísan til þessa þykir stefnandi eiga rétt á miskabótum, og hefur þá einnig verið tekið tillit til þjáninganna, er voru afleiðingar árásar hundsins, og þess, hversu ógnvekjandi hún hefur verið fyrir fjögurra ára barn, en al-kunna er, hversu stórir og ógnandi Schäfer-hundar eru.

Eins og hér stendur á, þykir rétt að dæma stefnanda bætur í einu lagi fyrir örorku og miska. Er þá höfð hliðsjón af því, að jafnan mun einhver miski vera innifalinn í örorku, þegar hún er jafnlág og í þessu máli. Þykja heildarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 450.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess hagræðis, er hún hefur af eingreiðslu þeirra og skattfrelsi. Verða stefndu dæmdir óskipt til að greiða stefnanda þessa fjárhæð með vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá slysdegi til dagsins í dag, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur skulu þeir greiða stefnanda 150.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ólafur M. Ólafsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefnanda, Ritu Didriksen fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, Vivian D. Ólafsdóttur, 450.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga, frá 19. maí 1988 til 18. desember 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.